

---

## FUNDARGERÐ

**Fundur: Raforkuhópur 1999-04**

**Fundartími: Þriðjudagur 4. maí 1999 kl. 13:30**

**Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9**

**Fundarefni:**

- 1. Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins.**
  - 2. Aflþörf raforkukerfisins 1998.**
  - 3. Endurskoðun á söfnun gagna um afl.**
  - 4. Önnur mál.**
- 

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Guðmundur Guðmundsson  
Ívar Þorsteinsson  
Ólafur Pálsson  
Rán Jónsdóttir  
Jónas Guðlaugsson

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 9,0% frá sama tíma á síðasta ári. Stórnotkun vex um 18,0%, almenn notkun vex um 0,7% og flutningstöpin og eigin notkun LV minnka um 10,1%. Þegar einungis er litið á almenna forgangsorku vex hún mikið eða um 4,8% en almenna ótryggða orkan minnkar um 23,0%. Töpin hafa minnkað eins og von var á þar sem Búrfellslína 3 kom í rekstur undir lok síðasta árs og Nesjavellir hófu þá rekstur. JV dreifði þá töflu yfir almenna notkun leiðrétta út frá lofthita. Þar kemur fram að hitafar á fyrsta ársfjórðungi er svipað og á síðasta ári en kaldara var en í meðalári. Aukningin minnkar aðeins við leiðréttingu og verður 0,5%. Aukning er 4,7% í forgangsorkunni en minnkun í ótryggðu orkunni um 23,8% (leiðrétt).

Minnkun í ótryggðri orku skýrist mest af skerðingu frá Landsvirkjun í janúar en einnig var minnkun í mars væntanlega vegna þess að loðnuvertíð gekk ekki eins vel og menn höfðu ætlað. Á síðasta ári var lítil aukning á fyrsta ársfjórðungi m.a. vegna sjómannaverkfalls og skýrir það væntanlega hluta aukningarinnar í janúar og febrúar. Ákveðið var að setja inn töflu með aukningu hjá veitunum sem kaupa orku af Landsvirkjun til samanburðar við aukninguna á landinu.

2. JV dreifði töflum um álag á raforkukerfið árið 1998. Hann sagði að búið væri að vinna upp allar nema tvær töflur sem hafa verið í viðaukum í raforkuspánni. Toppurinn sem kynntur var á síðasta fundi hefði nú færst í annað sætið eftir að gögn komu frá Hitaveitu Suðurnesja og var því mesta álag á kerfið 5. mars milli kl. 10-11. Hann sagði að það vantaði inn í töflurnar gögn frá Rarik um varastöðvar en þau hefðu borist í gær og í dag og væru því ekki komin inn í grunninn en hann gerði ekki ráð fyrir að þau breyttu niðurstöðunum þar sem ekki hafa verið keyrðar dieselstöðvar á toppa á síðasta ári. farið var yfir töflurnar. Lagt var til að bæta við einni töflu þar sem álaginu á landinu í heild er skipt niður á forgangs- og ótryggða orku og niður á stóriðju og almenna notkun. JV lagði til að þessar töflur yrðu settar út á Internetið um leið og þær verða orðnar endanlegar og var það samþykkt. Það sama var samþykkt varðandi notkunarflokkana.
3. ÍJ sagði að Orkuveita Reykjavíkur væri ekki með neinar mælingar á launafli hjá notendum og GG sagði að Rarik væri einungis með slíkar mælingar á sölu til veitna. Rætt var almennt um þessar mælingar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur ákveðinn 7. september 1999.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Raforkunotkun 1999, 1. ársfjórðungur. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, 1. ársfjórðungur. (JV)

Álag á raforkukerfið 1998. (JV)